

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 8484. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 21. ágúst 2014 og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Drífa Skúladóttir Nefndarmaður, Svanur Tómasson Embættismaður, Illugi Jens Jónasson Nefndarmaður, Margrét Björk Björnsdóttir Nefndarmaður, Lúðvík Ver Smáráson Embættismaður, Vilberg Ingi Kristjánsson Varamaður, Ásdís Lilja Pétursdóttir Ritari og Valgerður Hlín Kristmannsdóttir Áheyrnarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Lúðvík Ver Smáráson, Byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. 1408002 - Hellisbraut 6\_umsókn um lóð**

Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir að úthluta lóð við Hellisbraut 6 til umsækjanda og ítrekar að farið verði eftir þeim skilmálum sem liiggja fyrir.

**2. 1408004 - Dalbraut 3\_byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar óskar eftir því að stofna 2 lóðir í kringum tjaldsvæðið í Ólafsvík.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og felur Tæknideild Snæfellsbæjar að ganga frá lóðarblaði og stofna lóðirnar við Dalbraut 3 og 7.

**3. 1404001 - Traðir 136240\_breyting á útihúsum í gistingu og veitingasal**

Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu á þeim forsendum að ekki hafi öll gögn borist tímanlega fyrir fund, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Einnig eru framkvæmdir hafnar án útgefins byggingarleyfis og áður en endanleg ákvörðun um byggingarleyfi verður tekin óskar nefndin eftir að byggingarfulltrúi og byggingarstjóri verksins fari í stöðuúttek á framkvæmdunum og gangi úr skugga um að framkvæmdir séu í samræmi við teikningar.

**4. 1406001 - Vallholt 5\_umsókn um leyfi til að klæða hús skv. meðfylgjandi mynd.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

**5. 1407001 - Snoppuvegur 1\_Umsókn um að fá að klæða hús með hvítu járn**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

6. **1407003 - Snæfellsás 1\_Umsókn um byggingu opins skyggis við anddyri auk svala á vesturhlið húss**  
Drífa viku af fundi  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.  
Drífa kemur aftur
7. **1407005 - Jaðar 11 Arnarstapa\_Umsókn um að færa bústað sem nemur bústaðarbreidd vegna sigs í undirstöðum.**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um úttekt byggingarfulltrúa á sigi hússins og grenndarkynningu. Nefndin felur byggingarfulltrúa að klára málið.
8. **1408006 - Vatshellir\_umsókn um stöðuleyfi fyrir 4 salerni við Vatnshellinn**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi í ár. Samt sem áður finnst nefndinni þess háttar salernisaðstaða ekki sæma Þjóðgarðinum okkar og hvetur til þess að strax verði farið í undirbúning við að reisa varanlege aðstöðu sem falli vel að landi .
9. **1407006 - Gilsbakki\_Fyrirspurn um lóð undir atvinnu-og/eða íbúðarhúsnæði í gömlum stíl**  
Lúðvík viku af fundi  
Umhverfis- og skipulagsnefnd sér ekkert því til fyrirstöðu að þessari lóð verði útlhutað undir atvinnu- og/eða íbúðarhúsnæði og leggur það til að unnið verði að því máli með Hildigunni hjá Hús og skipulag.  
Lúðvík kemur aftur
10. **1408005 - Bárðarás 20\_fyrirspurn um kvaðir á húsi.**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd telur eftir því sem best er vitað, engar kvaðir á eign vegna aldurs.
11. **1408007 - Vestan Arnarbrautar\_Lóðarhafi hefur lýst yfir áhuga á að gerð verði breyting á deiliskipulagi á lóðinni, þannig að smáhýsum verði breytt í einnar hæðar hótél.**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur ekki afstöðu um málið fyrir en útlitsteikning af fyrirhuguðu hóteli liggur fyrir og afstöðumynd af svæðinu. Nefndinni huggnast frekar það skipulag sem er á svæðinu nú þegar, litlar og lágreistar byggingar. Framundan er vinna við heildarendurskoðun á aðalskipulagi Snæfellsbæjar þar sem landnýting m.t.t. þjónustulóða verða m.a. skoðað frekar.

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

12. 1407002 - Ólafsbraut 60\_Umsókn um niðurrif á bílskúr  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
13. 1306023 - Vikurport\_óleyfisframkvæmdir  
Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt málið.
14. 1403010 - Fróðá\_bréf barst frá Lex lögmönnum f.h. eigenda Fróðár  
þar sem óskað er eftir breytingu á aðalskipulagi fyrir efnistöku  
Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt málið.
15. 1408003 - Sölvaslóð 1, byggingarleyfi-málið kynnt nýrri umhverfis-  
og skipulagsnefnd  
Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt málið.
16. 1403011 - Ólafsbraut 28\_Bréf frá Logos lögmennsstofu fyrir hönd  
Guðmundar Björns Steinþórssonar. Sjónarmiðum eiganda komið á  
framfæri varðandi Ólafsbraut 28 og bílskúrs við Ólafsbraut 30  
Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt málið.
17. 1408010 - Aðalskipulag\_endurskoðun á aðalskipulagi Snæfellsbæjar  
- fyrstu skref  
Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt málið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .